

Reykjavík, 1. júní 2022

Umsögn frá Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 592. mál / 152. löggjafarþing 2021-2022

Velferðarnefnd Alþingis sendi til umsagnar ofangreinda tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 592. mál, hinn 18. maí sl. Leitað var sjónarmiða innan Háskóla Íslands og eftirfarandi umsögn hefur borist frá Alþjóðasviði.

„Tillagan er mjög metnaðarfull og jafnframt mjög þörf áætlun í þessum mikilvæga málaflokki, sem tekur til allra helstu þátta. Þó er vakin athygli á lið 3.2, Mat á menntun, þar sem markmiðið er að fleiri einstaklingar af erlendum uppruna eigi þess kost að fá menntun frá heimalandinu metna svo að þeim bjóðist störf við hæfi. Markhópurinn er fullorðnir innflytjendur sem aflað hafa sér menntunar í heimalandi fyrir komuna til Íslands og vilja nýta hana á íslenskum vinnumarkaði. Þessi liður er á ábyrgð MRN. Þó svo að dæmi um samstarfsaðila séu nefnd, HVIN, FRN, MMS, ENIC/NARIC, framhaldsskólar og háskólar, þá teljum við að aðrir aðilar en mennta- og barnamálaráðuneyti beri ábyrgð á að meta háskólamenntun og starfshæfni háskólamenntaðra einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði.“

Virðingarfyllst,

Jón Atli Benediktsson, rektor